



Reykjavík, 5. júlí 2013.

Til þeirra sem sendu ábendingar og athugasemdir til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs vegna auglýstrar tillögu að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og umhverfisskýrslu sem henni fylgdi.

Tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og umhverfisskýrsla hennar voru skv. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, auglýstar opinberlega og jafnframt sendar hlutaðeigandi stofnunum til umsagnar. Auglýsing birtist þann 27. og 28. mars 2013 í dagblöðum á landsvísu og nokkrum dögum seinna í einu héraðsfréttablaði. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna var sex vikur frá birtingu auglýsingarinnar, þ.e. til og með 10. maí 2013. Gögnin lágu frammi til sýnis á sama tíma á vef þjóðgarðsins og á opnunartíma á eftirfarandi stöðum: á starfsstöðvum þjóðgarðsvarða í Jökulsárgljúfrum, á Skriðuklaustri, í Skaftafelli og á Kirkjubæjarklaustri, á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs, Klapparstíg 25-27, 4. hæð, Reykjavík, hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík og á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps og Ásahrepps. Almenningsi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum gafst þannig kostur á að kynna sér efni tillögunnar og umhverfisskýrslunnar og leggja fram ábendingar, athugasemdir og umsagnir áður en endanlegar tillögur stjórnar voru frágengnar og sendar umhverfisráðherra til staðfestingar.

Athugasemdir bárust frá 17 aðilum. Þær fjölluðu einkum um umferð, samgöngur og veiðar í þjóðgarðinum en ýmis önnur atriði komu við sögu eins og fram kemur hér fyrir neðan. Nokkrar athugasemdir snerust um atriði sem Stjórnunar- og verndaráætlunin nær ekki til og er því ekki brugðist við þeim hér.

Eftirfarandi eru svör og viðbrögð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs við þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust við auglýsta tillögu að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og umhverfisskýrslu sem henni fylgdi. Öllum athugasemdum er svarað með þessu sameiginlega bréfi þar sem brugðist er við efnisatriðum athugasemdana og ættu allir að finna í því svari viðbrögð stjórnar við því sem þeir gerðu athugasemd við.

Svörin eru send til þeirra sem athugasemdir gerðu á auglýsingartíma.

Veiðar og hefðbundin landnýting

Takmarkanir á veiðum

Hefðbundnar veiðar eru leyfðar innan þjóðgarðs á austursvæði fyrir utan griðland við Snæfell og austan þess en þar eru allar veiðar, aðrar en minka- og refaveiðar, bannaðar. Takmörkun á veiðum innan griðlands við Snæfell

hefur fengið verulega umfjöllun, einkum á austursvæði, t.d. á sérstöku málþingi um veiðar. Þetta svæði er orðið mjög aðgengilegt fyrir margvíslega útivist vegna nýrra vega í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Stór hluti gríðlandsins varð RAMSAR svæði (þ.e. votlendi í vörslu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, skv. alþjóðlegum samningi) í mars 2013. Ekki hafa komið fram ný rök sem gefa ástæðu til að hverfa frá fyrri ákvörðun um veiðifriðun innan gríðlandsins.

Hreindýraveiðar eru ekki heimilar innan þjóðgarðsmarka fyrr en 15. ágúst. Hreindýraveiðar innan línu sem áður lá utar á Fljótsdalsheiði (þ.e. á stærra svæði) hafa lengi lotið strangari reglum en annars staðar á heiðinni, t.a.m. hófust veiðar þar seinna en annars staðar allt til ársins 2006.

Reynslan af hreindýraveiðum á þjóðgarðsmörkum síðustu ár sýnir að þær aðstæður geta oft skapast að hjörð sem verið er að veiða úr rási yfir mörkin. Eftir samráð við leiðsögumenn með hreindýraveiðum og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar ákvað stjórnin, að tillögu svæðisráðs, að auka svigrúm þeirra sem veiða hreindýr við þjóðgarðsmörk, sbr. kafla 9.5 í tillögu stjórnar þjóðgarðsins að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætluninni.

Um veiðar á minki og ref gilda almennar reglur að því undanskildu að refaveiðar eru ekki heimilar í Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og í Esjufjöllum og að áætlunin kveður á um samráð við þjóðgarðsvörð og tilkynningaskyldu. Með breytingunni er horfið frá kvöð um að halda skuli skrá yfir veidd dýr og skila henni til þjóðgarðsvarðar. Engin rök hafa komið fram sem gefa tilefni til frekari breytinga.

Samráð um veiðar

Veiðar eru mestar á austursvæði þjóðgarðsins, því var svæðisráði austursvæðis falið það verkefni að auka samráð vegna veiða. Það hefur boðið til sín gestum á allmarga svæðisráðsfundi, m.a. frá SKOTVÍS, SKAUST, Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Náttúrustofu Austurlands og veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar. Svæðisráðið hafði opinn svæðisráðsfund í maí 2011 m.a. um veiðar, stóð fyrir málþingi um veiðar í mars 2012 og stóð fyrir vinnuhópi um hreindýraveiðar í maí 2012. Í athugasemdum er vísað í loforð ráðherra um stofnun samráðshóps um veiðar en ekki verður séð að ráðherra hafi beint slíku til stjórnar þjóðgarðsins. Við staðfestingu Stjórnunar- og verndaráætlunar í febrúar 2011 gaf ráðherra út sérstaka greinargerð þar sem farið var fram á það við stjórn að frekari umræða færi fram um samgöngumál. Þar setti ráðherra enga slíka ósk fram varðandi veiðar. Stjórn þjóðgarðsins hafði hins vegar áhuga á að fara í frekara samráð um veiðar og setti því af stað framangreint ferli og hefur gert nokkrar breytingar er varða veiði í kjölfar þessa samráðs.

Svæði þar sem hefðbundin landnýting er heimil

Óumdeilt er að hefðbundin landnýting í Hafrafelli í Örafum sé réttmæt og að fyrir henni sé hefð. Það hljóta því að teljast mistök að ekki sé gert ráð fyrir hefðbundinni landnýtingu í Hafrafelli við afmörkun slíkra svæða í viðauka III við reglugerð um Vatnajökulþjóðgarð, nr. 608/2008. Stjórn þjóðgarðsins mun fara þess á leit við ráðuneytið að þetta verði lagfært. Jafnframt verði sama svæði fært í flokk VI í verndarflokkun IUCN.

Umferð og samgöngur

Mismunun eftir ferðamáta

Ökuleiðakerfið sem nú er í þjóðgarðinum nær til flestra leiða sem mest hafa verið farnar undanfarna áratugi á vélknúnum ökutækjum og þær veita aðgang að flestum viðkomustöðum sem þykja hvað áhugaverðastir. Nokkrar leiðir eru opnar fyrst og fremst vegna upplifunargildis ferðarinnar sjálfrar. Aðgengi vélknúinna ökutækja að þjóðgarðinum hefur því ekki verið skert verulega frá fyrri tíð né heldur er það verra en gengur og gerist í þjóðgördum erlendis. Um nokkrar leiðir hafa verið skiptar skoðanir og þar hefur þjóðgarðurinn tekið varfærna afstöðu.

Þjóðgarðurinn vill hafa gott samráð við hagsmunaaðila og er tilbúinn til að breyta fyrri ákvörðunum, þegar nýjar athuganir og rannsóknir gefa tilefni til. Breytingartillagan ber þess merki.

Akstur vélknúinna ökutækja um Vonarskarð

Samráðshópur, sem falið var að yfirfara samgöngukerfi þjóðgarðsins í framhaldi af tilmælum umhverfisráðherra, klofnaði í afstöðu sinni til umferðar um Vonarskarð. Stjórn þjóðgarðsins ákvað í kjölfarið að fela teymi sérfræðinga við Háskóla Íslands gera faglega úttekt á náttúruverndar- og útivistargildi Vonarskarðs. Teymið komst að þeirri niðurstöðu að náttúruverndargildi Vonarskarðs væri það hátt og náttúra þess það viðkvæm að óráðlegt væri að leyfa þar bílaumferð að sumri og hausti. Teymið komst einnig að þeirri niðurstöðu að náttúruverndargildi Vonarskarðs og viðkvæm náttúra þess kallaði á enn sterkari verndarstöðu en nú er fyrir hendi og að réttast væri hækka hana úr IUCN flokki II í flokk Ib (óbyggð víðerni) og þar með að loka skarðinu alveg fyrir vélvæddri umferð allt árið, sem og fyrir umferð reiðhjóla þar sem ógreinileg skil gætu verið á skilgreiningu vélhjól og reiðhjól. Teymið taldi hins vegar að leyfa ætti umferð hesta um Vonarskarð í samráði við og með leyfi þjóðgarðsvarðar.

Meirihluti stjórnar ákvað að fara bil beggja, þ.e. að halda núverandi heimild um akstur vélknúinna ökutækja á frosinni og snævi þakinni jörð, opna fyrir hestaumferð en banna umferð reiðhjóla. Meirihluti stjórnar telur jafnframt að rök sem koma fram í athugasemdum gefi ekki tilefni til breytinga á þessari afstöðu og vísar að öðru leyti til greinargerðar rannsóknarteymisins, sem sjá má á vef þjóðgarðsins.

Ökuleiðir vestan Vatnajökuls

Núverandi net akstursleiða á Tungnaáröræfum er í samræmi við þau sjónarmið sem fram komu í samráði þjóðgarðsins við Jöklafrannsóknafélag Íslands og fulltrúa SAMÚT vorið 2010. Þjóðgarðsvörður ásamt fulltrúum svæðisráðs óku um Tungnaáröræfin sumarið 2012. Sú breyting á Stjórnunar- og verndaráætlun sem hér um ræðir felur það í sér að tveir slóðaspottar sem ekki fundust á yfirborði lands og ekki þóttu gegna mikilvægu hlutverki í veganeti þjóðgarðsins eru að tillögu svæðisráðs vestursvæðis teknir út. Svæðisráð vestursvæðis hefur rætt og samþykkt að láta fara fram heildarendurskoðun á slóðum á Tungnaáröræfum með þátttöku hagsmunaaðila og að fyrsti liður í þeirri endurskoðun yrði sameiginleg ferð með fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4 haustið 2013.

Rétt er að vekja athygli á því að leið frá Jökulheimum um Gnapavað yfir á Breiðbak er utan þjóðgarðs.

Vetrarakstur á svæði norðan Kamba, austan Sveinstinds

Vakin var athygli á því að svæðið norðan Kamba þoli ekki vetrarakstur þar sem það er vaxið þykkum mosa. Ákvæði um bann við vetrarakstri féll út fyrir mistök. Stjórnin telur því athugasemdina réttmæta og mun bæta við skilmála um svæðið að vetrarakstur sé þar óheimill.

Umferð og vegir utan þjóðgarðsmarka

Þar sem Stjórnunar- og verndaráætlunin öll fjallar aðeins um land þjóðgarðsins er sjálfgefið að skilmálar sem þar eru settir, þ.á m. um vegi, geta aðeins gilt innan þjóðgarðsmarka. Í ljósi þessa hefur stjórnin ákveðið að fella niður vísun í vað á Lindá þar sem hún rennur yfir Öskjuleið (F88) því það er utan þjóðgarðs.

Samráð um samgöngur

Í framhaldi af tilmælum umhverfissráðherra við staðfestingu Stjórnunar- og verndaráætlunar um að frekari umræða þyrfti að fara fram um samgöngumál setti stjórnin upp nokkuð umfangsmikið ferli sem innihélt greiningu á hagsmunaaðilum, kynningarfund, fjölmennan opinn fund þar sem lögð voru drög að afmörkun umfjöllunarefna og að lokum yfirferð samráðshóps um málefni. Samráðshópurinn skilaði metnaðarfullu starfi og sendi niðurstöður sínar til stjórnar í desember 2011. Stjórn hefur farið yfir hvert þeirra 25 mála sem samráðshópurinn tók sérstaklega til umfjöllunar í vinnu sinni. Stjórnin tók í meginatriðum undir ályktanir samráðshópsins í 23 tilvikum. Í einu tilviki til viðbótar, er varðar Vonarskarð, tók stjórn undir sameiginlega ályktun samráðshópsins um að frekari rannsókn væri þörf áður en ákvörðun yrði tekin um skipulag ferðaleiða um svæðið. Samráðshópurinn klofnaði í afstöðu sinni til leiðar norðan Dyngjufjalla og svæðisráð norðursvæðis var ekki einróma í sinni niðurstöðu. Í því tilviki ákvað stjórn að fara sömu leið og með Vonarskarð, að fara í nánari rannsóknir áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.

Í kjölfar samráðsins um samgöngur hafa verið gerðar nokkrar breytingar á Stjórnunar- og verndaráætluninni. Sum þeirra málefna sem farið var yfir í samráðsferlinu varða langtímaskipulag samgangna í þjóðgarðinum og því verður unnið áfram í þeim.

Ástand vega og veghald

Lögum samkvæmt ber Vegagerðinni að sjá um veghald á öllum vegum á vegaskrá. Stjórn þjóðgarðsins á í viðræðum við Vegagerðina um samvinnu um veghald, upplýsingagjöf um ástand vega og þekkingarmiðlun vegna allra vega og slóða innan þjóðgarðsins. Báðar ríkisstofnanirnar Vegagerðin og Vatnajökulþjóðgarður munu áfram vinna að utanumhaldi um veghald þjóðgarðsins og setja upp forgangslista aðkallandi verkefna.

Annað

Mörk og stærð þjóðgarðsins

Krepputunga bættist við þjóðgarðinn í apríl 2013. Þar sem mótun efnis í Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir ný svæði á sér verulegan aðdraganda er ekki færi á því að láta þessa breytingu endurspeglja nýjustu viðbótina, Krepputungu. Hennar er þó getið í endanlegri útgáfu og hún sýnd á mynd 3.1. Áætlunin miðast því að öðru leyti við land þjóðgarðsins eins og það var afmarkað áður en Krepputunga bættist við.

Burðarsvæði hreindýra

Fram kom í auglýstum gögnum að hreindýr beri á vestursvæði þjóðgarðsins. Þar er um einfalda ritvillu að ræða, þar átti að standa austursvæði. Í endanlegri útgáfu verður bætt um betur og tilgreint að hreindýr beri á Vesturöræfum á austursvæði og á suðursvæði þjóðgarðsins.

Ófullnægjandi auglýsing tillögunnar

Tillagan var auglýst á vefnum, í dagblöðum og héraðsfréttablöðum. Útprentuð eintök tillögugagna lágu frammi á á auglýstum stöðum, víða um land. Auglýsing tillögunnar var í samræmi við ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð, nr. 60/2007 og samhljóða ákvæði í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008. Þar segir: „*Tillagan skal auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg tillaga er send ráðherra. Frestur til að gera athugasemdir við tillögu að verndaráætlun skal a.m.k. vera sex vikur frá birtingu auglýsingar.*“

Blaðaauglýsingar voru nánar tiltekið birtar sem hér segir:


- Morgunblaðið 27. og 28. mars.
- Fréttablaðið 27. mars.
- Skarpur (Þingeyjarsýslum), 4. apríl

Auk ofangreindra atriða var bent á ýmsar minni háttar lagfæringar sem hafa ekki áhrif á efnisatriði áætlunarinnar. Stjórnin tók flestar slíkar ábendingar til greina.

Ekki komu fram athugasemdir við efni umhverfisskýrslu. Stjórn þjóðgarðsins gerir grein fyrir afgreiðslu áætlunarinnar í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða, nr. 105/2006, í sérstöku minniblaði.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þakkar öllum þeim sem komu á framfæri athugasemdum, ábendingum og umsögnum við tillöguna og væntir áframhaldandi góðs samstarfs.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs,



Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri